

þær svipti til réttinda hjóna og gæti fólki þá fundist óþarfi að gifta sig af þeim sökum (Guðrún Erlendsdóttir, 1988, bls. 55; Ármann Snævarr, 2008, bls. 917).

II. 1. Gagnaöflun

Aðeins var notuð ein tegund af eigindlegum rannsóknaraðferðum, svo kölluð djúpvíðtöl. Í þessari rannsókn voru viðtölin að vissu leyti formföst þar sem rannsakandi spurði ákveðinna spurninga sem tengdust efninu sem var verið að rannsaka en á sama tíma höfðu viðmælendur frelsi til þess að tjá hugmyndir og viðhorf sín með eigin orðum. Rannsakandi var með ákveðnar spurningar sem hann vildi fá svör við áður en farið var í hvert viðtal en svör viðmælenda fengu þrátt fyrir það að móta og ráða stefnu viðtalsins (Esterberg, 2002, bls. 87).

Í rannsókninni voru tekin fimm opin viðtöl við fimm einstaklinga. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 11. febrúar til 17. mars 2009. Fyrstu þrjú viðtölin voru tekin á heimili viðmælenda en næstu tvö voru tekin í þeim skóla þar sem viðmælendur stunda nám. Lengd viðtalanna voru frá tæpum hálf tíma upp í einn og hálfan tíma. Meðallengd var um 55 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Auk þess voru vettvangsnótur skrifaðar um viðtölin. Gögnin eru 156 blaðsíður af viðtölum og vettvangsnótum.

II. 2. Þátttakendur

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum eru þátttakendur valdir út frá þeim eiginleikum og þeim upplýsingum eða reynslu sem þeir hafa og geta nýst rannsókninni (Esterberg, 2002, bls. 93). Í þessu tilfalli eru það einstaklingar á aldrinum 20 til 35 ára sem eru í hjónabandi. Meðalaldur viðmælenda var 28 ára. Reynt var að hafa kynjaskiptingu jafna þannig að tveir viðmælenda voru karlar og þrír voru konur. Rannsóknarefnið er ekki viðkvæmt og ekki reyndist erfitt að komast að þessum hópi. Notuð var snjóboltaaðferðin eða „maður þekkir mann“ til þess að fá aðgengi að viðmælendum og kom ég mér sjálf í samband við þá. Sett var auglýsing og tilkynning á *félaganetsíðunni* www.facebook.com og á spjallforritinu *MSN* og voru viðtakendur spurðir hvort þeir þekktu einhvern sem væri á aldrinum 20 til 35 ára og væru gift. Með þessari aðferð fékk ég fjölda svara og tryggði á sama tíma að ég fengi aðgang að fólki sem ég hafði ekki haft kynni af áður.

Rannsóknin og þau gögn sem fylgdu eru trúnaðarmál og þess verður gætt að halda nafnleynd og trúnaði. Öllum viðmælendum var því gefið gervinafn. Þessu var þátttakandum gerð skil í upphaf hvers viðtals. Einnig var skýrt tekið fram um hvað

rannsóknin snerist, í hvaða tilgangi hún væri gerð og hver þeirra þáttur í rannsókninni væri. Þar sem efni rannsóknarinnar er ekki viðkvæmt var ekki beitt frekari aðferðum til þess að vernda þátttakendur.

II. 3. Greining á gögnum

Gögnin voru fyrst greind með kóðun og skiptist það ferli í tvö stig. Fyrra stigið er opin kóðun þar sem hvert viðtal er lesið ítarlega og reynt að koma auga á mynstur eða þemu sem eru einkennandi í hverju viðtali. Hér er mikilvægt að fylgja ekki fyrirfram ákveðinni flokkun og hafa opinn huga þegar gögnin eru lesin. Seinna stigið er markviss kóðun og á sér stað þegar rannsakandi er búinn að finna ólíka flokka eða þemu. Hvert viðtal er þá lesið aftur ítarlega en með flokkana og þemun í huga. Þegar búið er að safna gögnum fyrir hvert þema er komið að því að greina hvað þau eru að segja. Reynt er að svara spurningum um hvað viðtölin eiga sameiginlegt, hvað þau eiga ekki sameiginlegt og hvaða mynstur er hægt að finna á milli þeirra (Esterberg, 2002, bls. 158-162). Til eru fleiri aðferðir til þess að greina eigindleg gögn en í þessari rannsókn var ofangreind aðferð notuð.

Í ritgerð þessari er rannsóknarniðurstöðunum skipt í fjögur þemu; ástæður ungs fólks til giftinga, undirbúningur og kostnaður brúðkaups, viðbrögð nákominna við giftingu parsins og viðhorf almennt til giftinga og hjónabands. Greint verður frá þeim í næstu fjóru köflunum.


III. Ástæður ungs fólks til giftinga

Reglur og hefðir hjónabands endurspeгла þá samfélagsgerð sem er ríkjandi. Sá sem að gengur í hjónaband þarf að fylgja þeim skyldum sem samfélagið setur. Þessar reglur eru í stöðugri þróun. Í samfélögum fyrir árfúsundum síðan var hjúskapur á milli allra í samfélaginu, þar sem allar konur og karlar lifðu í sameiginlegum hjúskap og hver einstaklingur tilheyrði öllum í hópnum en ekki einum einstaklingi. Með tímanum hefur hjúskaparhringurinn verið sífellt þrengdur (Engels, 1968, bls. 381). Á Vesturlöndum í dag tíðkast einkvæni og sífjareglur sem segja til um að ekki megi giftast systkini, foreldri og jafnvel frændsystkini (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 70).

Á Íslandi hefur lengi verið umburðarlyndi fyrir samlifnað para án þess að hafa gengið í hjónaband sem ekki hefur gætt víða erlendis (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 68; Ármann Snævarr, 2008, bls. 905-906; Cherlin, 2002, bls. 257-258). Til

dæmis voru svo kallaðar festir ríkjandi á þjóðveldisöld, en það var samningur um stofnun hjónabands, og taldist barn fætt í festum vera skilgetið. Það fylgdi því ekki vansæmd að hafa átt barn utan hjónabands svo lengi sem parið var í festum. Seinna meir tók trúlofun við þeim réttindum og skyldum sem áður fylgdu festum, sérstaklega hvað varðar rétt fólks til að hefja sambúð og geta af sér börn. Á 18. öld voru trúlofanir bannaðar með lögum í þeim tilgangi að einangra þau réttindi við hjónaband (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 67-69).

Mikil og hröð þróun niður á við hefur orðið í fjölda giftinga á aldrinum 15 til 34 ára eins og sjá má á mynd III.1. Í dag eru ekki nema um 30 af hverjum 1.000 íbúum í aldursflokknum 15 til 34 ára sem gifta sig á hverju ári á meðan það voru um 110 manns af hverjum 1.000 árið 1961.



Mynd III.1. *Giftingartíðni fyrir áður ógifta á aldrinum 15 til 34 ára miðað við hverja 1.000 íbúa í þeim aldursflokki (Hagstofa Íslands, 2009b)*

Meðalaldur brúðhjóna hefur einnig hækkað mikið frá þessum tíma. Árið 1961 var meðalaldur brúðguma um 26 ár og brúðar 24 ár en árið 2005 var meðalaldur kominn í 33 ár fyrir brúðguma og 31 ár fyrir brúðir (Hagstofa Íslands, 2009b). Á sama tíma hefur fjöldi sambúða aukist (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 70) og fólk giftir sig seinna á lífsleiðinni (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 27). Það má því segja að mikil þróun hefur átt sér stað hvað varðar reglur um myndun fjölskyldna á Íslandi.

Á Vesturlöndum í dag telst sambúð og kynlíf fyrir hjónaband leyfilegt og jafnvel er búist við því að fólk prófi að búa saman áður en það ákveður að gifta sig. Sambúð gefur fólki tækifæri á að njóta sumra þeirra kosta sem fylgja því að búa með maka án þess að þurfa að skuldbinda sig í hjónaband. Það má því spyrja sig hverjir eru kostir hjónabands umfram sambúð? Raunin er sú að flestum finnst gifting og hjónaband ennþá aðlaðandi hugmynd og ætla sér að gifta sig einn daginn, enda gifta sig flestir einhverntímamann á lífsleiðinni (Cherlin, 2002, bls. 258-259).

III. 1. Lagaleg umfjöllun giftinga og óvígðrar sambúðar

Mikil óvissa ríkir hjá almenningi um lagalegan mun á vígðri og óvígðri sambúð (Sigrún Jóhannesdóttir, 1999, bls. 35; Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 71), en þetta kristallaðist hjá viðmælendum. Sumir töldu lítinn sem engan mun felast í því að vera giftur eða ekki á meðan aðrir töldu stóran mun vera á. Ef til vill er ein skýring þess að fólk hefur litla hugmynd um muninn á þessu tvennu sú að ekki eru til nein heildstæð lög um fólk í óvígðri sambúð eins og er með fólk í hjúskap, samanber hjúskaparlög sem gefa til kynna þau réttindi og skyldur sem fólk hefur í vígðri sambúð. Til að mynda eru engar reglur í íslenska löggjafanum sem gefa til kynna hvað átt er við með óvígðri sambúð. Í daglegu tali eru það karl og kona sem búa saman sem hjón án þess að hafa gengið í hjúskap samkvæmt lögum (Guðrún Erlendsdóttir, 1988, bls. 18; Ámann Snævarr, 2008, bls. 192). Yfirleitt er svo farið í þeim lögum sem við eiga um óvígða sambúð að hafa einnig skilgreind skilyrði sem sambúðin þarf að uppfylla til þess að hafa réttaráhrif. Til að mynda að hafa tilkynnt sambúðina til þjóðskrár, sambúðin hafi staðið samfleytt tiltekið skeið oft eitt eða tvö ár, eiga barn eða eiga von á barni saman, hafa tilgreint hvort annað í erfðaskrá og fleira (Ámann Snævarr, 2008, bls. 192-193). Hér á eftir verður fjallað um þær breytingar sem verða og verða ekki þegar að þau ákveður að fara úr óvígðri sambúð í vígða.

Fyrir það fyrsta ber að nefna að árið 1981 var hætt að mismuna réttarstöðu barna út frá hjúskaparstöðu foreldra þeirra í lögum. Það þýðir að barn hefur alltaf sama rétt til að þekkja báða foreldra sína, vera fedrað þeim manni sem móðir barnsins býr með, hafa rétt á forsjá beggja foreldra ef þau eru í hjúskap og svo framvegis óháð því hvort foreldrar þeirra séu gift eða í óvígðri sambúð (Barnalög nr. 76/2003; Guðrún Erlendsdóttir, 1988, bls. 24). Segja má því að börn hafi ekki sérstakan lagalegan hagnað af því að foreldrar þeirra séu gift enda er réttur þeirra alltaf tryggður.

Hvað varðar fjármál fólks í óvígðri sambúð eru engar lagareglur sem gilda um slíkt og því hefur óvígð sambúð lítil sem engin áhrif á réttarstöðu einstaklings hvað varðar eignarétt og ábyrgð á skuldum (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið; Ámann Snævarr, 2008, bls. 389). Þumalputtareglan er sú að þær eignir sem einstaklingur tekur með inn í sambúðina og eignast á meðan sambúð varir á hann einn (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið). Ef hjón eru hins vegar gift gilda aðrar reglur. Ef til skilnaðar kemur í hjúskap er ekki endilega um helmingaskipti eigna að ræða, enda eiga hjón ekki sjálfvirkt allt saman. Eignir hjóna skiptast í tvennt; séreign og sameign eða hjúskapareign. Til þess að séreign geti orðið þarf að taka það fram sérstaklega þegar fólk er í hjúskap annars verður eignin sjálfkrafa sameign. Það er hægt að gera til dæmis með kaupmála, með fyrirmælum frá gefanda eða arfleifanda, í skilnaði að borði og sæng og fleira (Ármann Snævarr, 2008, bls. 391). Séreign og skuldir annars makans koma ekki til skipta. Hjúskapareign hins vegar skiptist í tvennt (sbr. XIV. kafla hjúskaparlagu nr. 31/1993). Það getur því verið hagstætt fyrir þar sem skipta heima- og útivinnu á milli sín þannig að annar aðilinn sér um heimavinnu á meðan hinn vinnur úti að vera gift hvað varðar þennan lagabálk. Sá sem vinnur heima fyrir og hefur litlar tekjur situr þá ekki uppi allslaus ef til skilnaðar kemur. Hins vegar geta dómstólar úrskurðað að um sameign þars sé að ræða þrátt fyrir að þau hafi aldrei vígt sambúð sína til dæmis ef þau eiga börn saman eða hafa verið í sambúð í töluverðan tíma (sbr. Hrd. 1990:1581).

Annað mikilvægt lagaákvæði sem ber að nefna er munur á erfðarétti hjóna og sambúðarfólks, það er réttur eftirlifandi maka við andlát hins. Erfðaréttur fólks skiptist í tvennt í íslenskum lögum, annars vegar lögerfðir og hins vegar bréferfðir. Þegar þar er ekki búið að vígja sambúð sína hefur það ekki erfðatengsl á hvort annað og erfir ekki eignir hins látna að lögum (Ármann Snævarr, 1991, bls. 129; Ámann Snævarr, 2008, bls. 318 og 956). Ef sambúðarfólk á til að mynda fasteign saman og annar aðilinn fellur frá þá erfir ekki eftirlifandi sambúðaraðilinn hinn hluta eignarinnar. Ef hinn látni átti börn þá erfa þau hluta fasteignarinnar en ef ekki þá foreldrar og systkini hins látna. Hins vegar ef parið er gift þá er eftirlifandi maki fyrsta erfðeign hans látna (Ármann Snævarr, 1991, bls. 81). Bréfaerfðir er þegar einstaklingur gerir erfðaskrá um hvernig eigi að skipta eignum hans eftir lát (Ármann Snævarr, 1991, bls. 211). Hins vegar getur fólk ekki ráðstafað öllum eignum sínum eftir sinni hentisemi heldur aðeins 1/3 hluta af þeim, það er ef hann á lögerfingja svo sem foreldri, systkini eða barn (Guðrún Erlendsdóttir, 1988, bls. 94). Því má ætla að

ef þar vill að maki sinn erfi meira en 1/3 hluta eignar þá sé skynsamlegt að víga sambúðina.

Það eru því þó nokkrar lagalegar ástæður þess að gifta sig ef parið vill til dæmis deila einhverri sameign eða hjúskapareign eða vilja tryggja það að maki sé fyrsti erfingi. Þar er þó ekki að auka á réttindi barna sinna með því að gifta sig. Það fylgja því ótvíræðir kostir að gifta sig ef þar á einhverja verðmæta eign svo sem fasteign. Hins vegar voru allir viðmælendurnir samróma um að lagalegir kostir hafi skipt litlu sem engu máli í ákvörðunarferlinu um að gifta sig.

Sp.: Þælduð þið í lagalegu hliðinni af því að vera giftur?

Sv.: Já eða sko, það breytti ekki neinu varðandi skipti, kaupsamninga og eitthvað þannig. Það breytti ekki neinu fyrir okkur að því leytinu til að við áttum ekki neitt skiluru? Það breytir því að við erum þá fyrsta erfð, ég er fyrsta erfðin hans og hann fyrsta erfðin mín en þú veist það hafði ekkert að segja... Þetta var algjörlega *romantic* ákvörðun að því leyti að við vildum bara svona meira að allir vissu að við ætluðum alltaf að vera saman og að við ætlum að vera hjón. En svona eftir á að hyggja þá fylgist það að. Við erum orðin einhver svona eining núna, eining lagalega séð, það er eiginlega svona afleiða sko. Það er engin ákvörðunarástæða en við höfum þá erfðarétt eftir hvort annað og það skiptir mjög miklu máli.

[Kona, 24 ára]

III. 2. Kostir hjónabands

Margar ástæður geta legið á bak við að þar ákveður að gifta sig svo sem félagsskapur hvors annars, skipulagning barneigna, komast á annað stig í lífinu, skuldbinda sig, tengjast annarri manneskju á nýjan hátt og aukið öryggi og vissa í lífinu (Benokraitis, 2009, bls. 288-289). Þótt viðmælendur nefndu flest þessi atriði þegar spurt var út í góðar ástæður þess að þar gifti sig þá notuðu þau yfirleitt ekki sömu rök til þess að útskýra af hverju þau sjálf hefðu ákveðið að ganga þetta skref. Yfirleitt litu viðmælendur svo á að þetta hafi aðeins verið rómantísk ákvörðun þar sem parið í sameiningu hafi ákveðið að vilja eyða ævinni saman. Þetta samsvarar niðurstöðum rannsóknar sem Sigrún Júlíusdóttir (1993, bls. 179) gerði á íslenskum hjónum, það er að rómantískur grundvöllur hafi verið ástæða þess að gifta sig frekar en hagnýtur og að það sömuleiðis viðhaldi parsambandinu. Til að mynda töldu þátttakendur í þeirri

rannsókn að sterk aðlöðun að hvort öðru, jákvæð tilfinning um eigin persónu í samveru við hinn aðilann, tilfinning um að sambandið virki og að auðvelt sé fyrir þau að ná samkomulagi hafi verið meðal ástæða þess að samband þeirra hafi þróast áfram í hjónaband.

Sp.: Af hverju ákvaðst þú að gifta þig?

Sv.: Við vorum búin að vera saman í sjö eða sex ár þegar ég bið hana að giftast mér og var bara fullkomlega sannfærður um það að þetta var konan sem ég vildi vera með til æviloka og var sannfærður um að hún væri hamingjusöm með mér og við vorum bara afskaplega hamingjusöm saman.

[Karl, 29 ára]

Sp.: Af hverju sagðirðu já þegar hann bað þín?

Sv.: Af því að mig langaði að verða gömul með honum. Það var ekkert annað sem kom til greina.

[Kona, 24 ára]

Sp.: Af hverju ákvaðst þú að gifta þig?

Sv.: Þetta var ekki beint voða trúarlegt. Bara minningin, þetta er skemmtileg minning. Við eigum okkur dag sem við getum alltaf hugsað um og hann er æðislegur. Ég vil eyða lífi mínu með honum, ganga í gegnum allt skemmtilegt og hafa hann með mér í gegnum allt hitt. Mig langar að eignast börn með honum, stofna mína fjölskyldu með honum.

[Kona, 23 ára]

Það er nokkuð ljóst af þessum viðtölum að fólk er ekki að gifta sig til þess að spara pening, auka heilbrigði sitt eða frelsi. Enda eru flestir þeir kostir sem fylgja hjónabandi einnig mögulegir utan þess. Fólk giftir sig vegna ástar sinnar á annarri manneskju og til þess að tengjast þeim aðila (Flanders, 1996).

Almennt voru viðmælendur mjög ánægðir í hjónabandi og lögðu karlmennirnir sérstaka áherslu á það. Einnig töluðu sumir um að hafa fundið fyrir auknu öryggi eftir að hafa gengið í hjónaband. Nokkrir hagnýtir kostir voru nefndir í viðtölunum eins og að geta yfirfært skattkort á makann ef annar fullnýtir sitt ekki, geta sinnt málefnum hvors annars í bankanum, setja bílatriygguna á makann þrátt fyrir að

hinn sé skráður fyrir bílnum og svo framvegis. Þetta lýsir ákveðinni liðsheild sem viðmælendur upplifa frá samfélaginu. Það er ekki lengur litið svo á að þau séu sitt hvor einstaklingurinn heldur tveir í sama liði.

Sp.: Hverjir finnst þér vera kostir þess að vera giftur?

Sv.: Kostur?

Sp.: Já, kostir.

Sv.: Þessi vellíðan og hamingja sem fylgir því. Í rauninni eru það ekki miklir praktískir kostir nema mér líður dálítið eins og konan mín getur komið fram fyrir mína hönd, þegar hún fer í bankann eða eitthvað. „Já, hann er eiginmaður minn,“ fólk ber virðingu fyrir því.

[Karl, 29 ára]

Það sem skilur hjónaband aðallega frá sambúð er hin opinbera skuldbinding til langtíma og jafnvel ævilangs sambands. Þegar fólk er gift eru aðrar væntingar frá fjölskyldu, vinum og samfélaginu í heild (Cherlin, 2002, bls. 259; Scott og Scott, 1998, bls. 1254-1255) og fundu viðmælendur vel fyrir þessu og töldu vera einn af stórum kostum þess að vera giftur.

Sp.: Hverjir finnst þér vera kostir þess að vera giftur?

Sv.: Stærsti kosturinn er náttúrulega það að þú ert búinn að staðfesta fyrir þér og þeim sem þú elskar og fyrir framan öllum hinum að þú sért í góðu og traustu sambandi sem mun standa. Þið ætlið að vera saman, þið ætlið að eignast börn saman, þið ætlið að ala þau upp, þið ætlið að búa saman, þið ætlið að vera eitt. Það er svona stærsti kosturinn við að vera giftur. Finnst mér.

Sp.: Afhverju er það kostur? Er ekki nóg að vera í sambúð til dæmis?

Sv.: Nei, því... Ég lít einhvernvegin á það að ef þú ert í sambúð.. Það er engin skuldbinding.

[Karl, 34 ára]

Viðmælendur fundu fyrir ýmsum breytingum á viðhorfi annarra til þeirra eftir að hafa gift sig. Það sem flestir nefndu var aukin virðing sem þau fengu, þá sérstaklega karlmennirnir, ekki aðeins sem par heldur líka sem einstaklingar.

Sv.: Það er ákveðin *respect* sem þú færð, að hafa gift sig það er ákveðin svona „já, ok!“ og [eiginmaður] fann það sérstaklega. Af því að hann er í vinnu þar sem hann var yngstur og bara svona litli guttinn, svo var hann allt í einu orðinn giftur maður. Það var eitthvað sem honum fannst vera svona ákveðin... Þetta er eins og þegar maður fer út í búð og ætlar að kaupa sér ný föt og maður kemur í íþróttagallanum og ómálaður og ílla til hafður, skiluru? Þú færð ekki sömu þjónustu og þegar þú ert í háum hælum og í fínum fötum og vel til hafður. Þetta er einhver svona smá áherslumunur sem hann finnur fyrir.

[Kona, 24 ára]

Sp.: Finnst þér fólk koma öðruvísi fram við þig núna þegar það veit að þú ert giftur? Þegar þú ert að kynnst nýju fólki til dæmis.

Sv.: Já, ég er ekki frá því. Mér finnst svona einhvernvegin... Það gefur ákveðið *prestige* eða svona hálfgerða virðingu þegar maður er giftur. Ég hef fundið fyrir þessu í vinnunni. Þetta er ekki neitt sem ég get fest rætur við en mér finnst gott að geta sagt að ég sé giftur.

[Karl, 34 ára]

Sp.: Finnst þér til dæmis þegar þú kynnist nýju fólki eftir að þú giftir þig eða annað fólk sem þú þekktir fyrir, finnst þér það koma öðruvísi fram við þig núna af því að þú ert giftur?

Sv.: Já, ég mundi segja það. Mér finnst ég fá aðeins meiri virðingu.

[Karl, 29 ára]

III. 3. Minnkar hjónaband líkur á sambandsslitum?

Konur og karlar líta ekki eins á hjónabandið. Þegar fólk giftir sig hefur það ákveðnar væntingar um hjúskaparhlutverk sitt. Það er það hlutverk sem fólk hefur innan hjónabandsins, svo sem að sjá um ákveðið heimilisverk, umönnun sem viðkemur börnunum, sjá til þess að reikningarnir séu borgaðir og svo framvegis. Kyn einstaklings er líklegast til þess að segja til um það hlutverk sem hann fær innan hjónands síns. Jafnvel er hægt að tala um „hans og hennar hjónaband“ þar sem karlar og konur upplifa hjónaband ekki eins (Benokraitis, 2009, bls. 301).

Athyglisverður munur í ljósi þessarar umræðu í viðtölunum og sem viðkemur „hans og hennar hjónabandi“ var að undantekningarlaust töldu konur hjónabandið ekki auka líkur á því að sambandið þeirra myndi endast lengur á meðan karlar töldu svo vera. Enda eru konur meira en tvisvar sinnum líklegri til þess að sækja um skilnað heldur en karlmenn (Sigrún Júlíusdóttir, 1994, bls. 75; Benokraitis, 2009, bls. 462).

Sp.: Helduru að það séu minni líkur á að þið hættið saman af því að þið eruð gift?

Sem sagt ekki af því að þið eigið börn heldur af því að þið eruð gift?

Sv.: Nei, ég held að það hefði ekki skipt máli. [...] Ef maður hefði verið óhamingjusamur þá hefði maður bara farið, hvort sem maður væri í sambandi eða giftur.

[Kona, 30 ára]

Sp.: Finnst þér minni líkur á því að þið hættið saman núna úr því að þið eruð gift?

Sv.: Já.

Sp.: Afhverju er það?

Sv.: Vegna þess að við erum búin að vera saman í þessi níu ár og sambandið gekk náttúrulega vel en bara í öllum samböndum þá koma erfiðir tímar og þegar maður er ekki giftur þá rambar maður á... „Afhverju hættum við ekki bara saman?“ [...] Og þegar að við giftum okkur þá var tekin þessi formlega ákvörðun, þú veist, *this is it*.

[Karl, 29 ára]

III. 4. Gallar hjónabands

Ýmsir gallar geta fylgt hjónabandi svo sem minna sjálfstæði, minni tími utan hjónabands, vinamissir, flutningar, vonbrigði þegar annar aðilinn eyðir meiri tíma, pening og áhuga en hinn í hjónabandinu (De Jong Gierveld, 2004). Þess vegna þurfa nýgift hjón að byrja á því að venjast hvort öðru og finna sín hjúskaparhlutverk (Benokraitis, 2009, bls. 304). Til þess að þetta ferli geti gengið vel er mikilvægt að fólk gifti sig af „réttum“ ástæðum. Rangar ástæður væri til dæmis að gifta sig vegna þess að parið eigi von á barni og vilja ekki eignast barn í lausaleik, vegna félagslegs þrýstings frá til dæmis foreldrum, til að tryggja sér fjárhagslegt öryggi, vegna

uppreisnar eða til að hefna sín á fyrri maka, til þess að leysa önnur vandamál svo sem einmanaleika, hjálp við uppeldi barna og svo framvegis. Hjónabönd sem byggja á slíkum grunni endast oft ekki lengi (Benokraitis, 2009, bls. 290). Sumir viðmælenda nefndu þetta og töldu það þó nokkuð algengt að fólk væri að gifta sig af röngum ástæðum. Sumir töldu sig þekkja til einhverra sem höfðu gift sig vegna góðs fjárhags tilvonandi maka, til þess að fá þá athygli sem fylgir brúðkaupi, vegna þrýstings frá öðrum, til að bæta samband parsins og svo framvegis.

Viðmælendur áttu flestir erfitt með að nefna galla sem þau upplifðu í eigin hjónabandi. Öll áttu þau sameiginlegt að telja kostina vera margfallt fleiri en gallana en þeir viðmælendur sem höfðu verið giftir hvað lengst áttu auðveldast með að nefna einhverja galla. Þó tóku þau öll skýrt fram að það væri ekki nægileg ástæða til þess að enda hjónabandið. Til að mynda upplifði einn karlmaður einhvern söknuð til fyrra lífvernis þar sem hjónabandið hans hafði haft í för með sér félagslega einangrun og fannst honum hann hafa færri tækifæri til þess að hitta gamla vini eftir að þau hjónin höfðu gift sig. Ein kona lýsti lífskrísu sem hún hafði lenti í eftir að hafa verið gift manni sínum í 6 ár þar sem hún átti í erfiðleikum með að skilgreina sjálfa sig án maka síns. Eins og sagt var frá hér að ofan þá lítur samfélagið jafnan á gift fólk sem eina heild og þó að flestir teldu það vera stóran kost hjónabands þá getur það haft í för með sér óþægindi fyrir aðra sem upplifa sig ekki lengur sem einstakling heldur aðeins sem hluta af pari. Önnur kona lýsti yfir óánægju og óþægindi með það viðhorf fólks að næsta skref á eftir, eða jafnvel fyrir brúðkaup, væru barneignir. Þar sem þau hjónin voru barnlaus var fólk gjarnt á að spyrja hvort að barn væri ekki í vændum hjá þeim.

IV. Undirbúningur og kostnaður brúðkaups

Viðmælendur eyddu frá 5 vikum og upp í 7 mánuði í undirbúning fyrir brúðkaup sitt. Segja má að viðmælendurnir hafi skipst í tvo hópa hvað varðar heildarkostnað á brúðkaupinu. Þrír viðmælendur af fimm eyddu mun minna en gengur og gerist almennt á Íslandi ef miðað á við tískublaðið „Nýtt líf Brúðkaupsblað“ og innlendar heimasíður svo sem femin.is og brudurin.is sem eru að einhverjum hluta tileinkaðar brúðkaupum. Tveir af viðmælendunum eyddu mun meira. Þjóðminjasafnið sendi út spurningakönnun um brúðkaupssiði árið 2000 þar sem kom í ljós að viðhöfn við brúðkaup hafi aukist mjög. Fleiri og fleiri vilja „allan pakkann“ sem felur í sér mikinn

undirbúning, fjölmenna veislu og há útgjöld (Sigrún Kristjánsdóttir, 2004, bls. 14). Höfundur tók saman meðal kostnað brúðkaups sem hefur „allan pakkann.“ Í þessari kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir 150 gestum, að athöfnin sé kirkjuleg og að í brúðkaupinu sé ein brúðarmær.

Vottorð frá Hagstofunni: **400** kr.

Giftingahringar: frá 29.000 til 39.000 kr, meðalverð **34.000** kr.

Kirkjuleg hjónavígsla: það er prestur, leiga á kirkju og útkall kirkjuvarðar, samtals **19.000** kr.

Organisti í kirkju: **15.000** kr.

Söngur í kirkju: frá 15.000 til 60.000 kr, meðalverð **37.500** kr.

Salur og þriggja rétta máltíð: 3.000 kr á mann, samtals **450.000** kr.

Hárgreiðsla brúðar: **7000** kr.

Leiga á brúðarkjól: frá 25.000 til 40.000 kr, meðalverð **32.500** kr.

Undirföt brúðar: frá 7.000 til 15.000 kr, meðalverð **11.000** kr.

Leiga á fatnaði brúðgumans: frá 6.000 til 14.000 kr, meðalverð **10.000** kr.

Leiga á fatnaði brúðarmærinnar: **5.500** kr.

Skór: frá 10.000 til 30.000 kr, meðalverð **20.000** kr.

Förðun brúðar: **6.000** kr.

Boðskort: frá 19.000 til 28.000 kr, meðalverð **23.500** kr.

Servíettur: **2.490** kr.

Brúðarvöndur: frá 8.000 til 15.000 kr, meðalverð **11.500** kr.

Brúðarmeyjarvöndur: **2.750** kr.

Barmablóm brúðguma: **450** kr.

Brúðarmyndir: **73.000** kr.

Leiga á brúðarbíl: **28.000** kr.

Brúðarterta: 480 kr á mann, **72.000** kr.

Skreytingar í kirkju og sal: frá **15.000** kr.

Bílaslaufur: **3.000** kr.

Dinnertónlist í veislu: frá 15.000 til 20.000 kr, meðalverð **17.500** kr.

Gisting á brúðkaupsnóttinni: frá 26.800 til 33.900 kr, meðalverð **30.350** kr.

(Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, 2008; Brúðurin.is, e.d.; Femin.is, 2003)

Samtals gerir þetta **927.440** kr. Þó vantar enn nokkra þætti svo sem drykki og vín, morgungjöf hjónanna til hvors annars eftir brúðkaupsnóttina og brúðkaupsferð sem ekki er óalgengt að hjónin fari í eftir brúðkaupið (Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, 2008; Brúðurin.is, e.d.; Femin.is, 2003). Meðalkostnaður þeirra þriggja viðmælenda þar sem útgjöldum var haldið í lágmarki var frá 350.000 í 400.000 krónur á meðan kostnaður fyrir hina tvo voru tæplega 2 milljónir. Hjá þeim var ekkert til sparað. Til gamans má geta að í grein í tímaritinu Veru frá 1988 hleypur ódýrasta brúðkaup upp á 125.000 krónur. Á verðlagi dagsins í dag eru það 367.710 krónur (Hagstofa Íslands, 2009c). Svo virðist sem kostnaður við brúðkaup, ef fylgja á nýjustu tísku, hafi hækkað töluvert síðan þá og þótti hún nógu dýr á þeim tíma (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 1988).

IV. 1. Aðkoma vina og ættingja í undirbúningnum

Flestir viðmælenda minna áttu það sameiginlegt að þátttaka vina og sérstaklega fjölskyldna var mikil. Oft sáu foreldrar um stóran hluta eða jafnvel um allan kostnaðinn sem fylgdi stóra deginum. Ekki var óalgengt að til dæmis vinkonur sáu um förðun og hár brúðar, frænka eða annar ættingi hafi saumað brúðarkjólinn, faðir vinar sem á prentsmiðju hafi prentað boðskortin, vinur hafi tekið ljósmyndir af brúðhjónunum og svo framvegis. Hver tengiliður var þaulnýttur enda til mikils að spara.

Nú má velta fyrir sér í ljósi kaflans á undan hvort að þeir sem eyddu stórum upphæðum í hátíðarhöldin hafi fengið meiri aðstoð frá fjölskyldu og vinum heldur en þeir sem reyndu að eyða eins litlu. Svo virðist ekki endilega vera, þó að erfitt sé að fullyrða um það út frá þessari rannsókn sökum fárra þátttakenda. Annar viðmælandinn hafði sparað til þá upphæð sem hann vildi eyða í brúðkaupið ásamt maka sínum. Hinn hafði hins vegar fengið mikla fjáraðstoð frá fjölskyldu og var brúðkaupið að mestu leyti kostað af þeim. Sömuleiðis átti það við um þá viðmælendur sem eyddu smærri fjárhæðum í brúðkaupið en foreldrar styrktu börn sín yfirleitt rausnarlega fyrir stóra daginn. Ef til vill er ástæða þess sú að hér er um ungt fólk að ræða sem eru flest enn í námi eða hafa verið stutt úti á vinnumarkaði. Því er ekki hægt að fullyrða að aðstoð fjölskyldna sé yfirleitt svona rausnarleg í íslenskum brúðkaupum.

Sp.: Nú er svolítið dýrt að gifta sig, finnst þér það vera eitthvað svona sem að...

Sv.: Það stoppar marga sko. Ég hafði mikla hjálp, náttúrulega tengdamamma átti hótelið, hún sá um það, borgaði allt fyrir okkur þar. Pabbi er mikið í hljómsveitageranum þannig að hann reddaði hljómsveitinni. Maðurinn minn og frændi hans eru miklir bílakarlar, þeir redduðu bílnum. Tengdamamma borgaði held ég kirkjuna. Svo vorum við náttúrulega með prest í fjölskyldunni. Ég held ég hafi bara borgað fyrir kjólinn. Allir aðrir sáu um restinga eiginlega. Við vorum mjög heppin með það.

[Kona, 23 ára]

IV. 2. Fyrirfram ákveðnar hugmyndir um brúðkaup

Þegar viðmælendur voru inntir eftir því hvort þeir hafi haft einhverjar fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig þeir vildu hafa brúðkaupið sitt áður en undirbúningur hófst svöruðu flestir að þeir hafi viljað kirkjulega athöfn. Þó voru fáir sem vildu viðurkenna sig sem kristin eða hafa trú á Guð kristinna manna. Chris Ingraham (1999, bls. 71) útskýrir þetta í bók sinni *White Weddings: Romancing Heterosexuality in Popular Culture* sem hluta af ímyndinni af hinu „hvíta brúðkaupi.“ Margir líta svo á að hjónavígsla sé hluti af hinni trúarlegu stofnun en hins vegar getur prestur ekki bundið fólk saman í hjónaband lagalega séð. Það er hlutverk ríkisins að gefa út hjónavígsluvottorð og án samþykkis frá ríkinu getur fólk ekki gifst. Til dæmis setur íslenska ríkið ákveðin skilyrði sem þurfa að standa til þess að fólk geti gengið í hjúskap svo sem að karl og kona þurfa að hafa náð 18 ára aldri. Einnig er það ríkið sem ákveður hvaða einstaklingar hafi leyfi til þess að gefa fólk saman í hjónaband, svo kallaðir *vígslumenn* (Hjúskaparlög nr. 31/1993). Hlutverk kirkjunnar í giftingu er því ekki annað en að kenna boðskap hjónabandsins (Ingraham, 1999, bls. 71). Til að mynda hefur tíðkast að hjón fái í hendurnar lítið umslag frá prestinum eftir hjónavígsluna sem á stendur „Hjónabandið þitt.“ Þar er að geyma bréf sem inniheldur leiðbeiningar fyrir hjónabandið, svo sem hver er tilgangur hjónabandsins, skyldur hjóna til hvors annars, um kynlíf, barnaupeldi og hvað gera skal ef upp koma erfiðleikar (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 76-79).

En hvers vegna vilja þá viðmælendur mínir gifta sig í kirkju án þess að hafa trú á því sem kirkjan stendur fyrir? Félagsfræðingurinn George Herbert Mead kom með kenningu sem víkur að því. Hann taldi að áður en við ákveðum að hegða okkur á einhvern ákveðinn hátt eða útfæra einhvern verknað, eins og að gifta sig, höfum við

ráðrúm til þess að íhuga fyrst hvernig viðbrögð annarra geti orðið í stað þess að fylgja aðeins eigin hvöt. Við lærum hegðun og viðbrögð annarra með því að eiga í samskiptum við annað fólk og setja okkur í spor annarra (Collins og Makowsky, 2005, bls. 162). Í okkar samfélagi fylgja því jákvæð viðbrögð að gifta sig í fallettri kirkju með fallega athöfn.

Ingraham (1999, bls. 72-73) telur fólk læra um viðbrögð annarra og fá hugmyndir sínar um giftingar frá fjölmiðlum. Fjölmiðlar útvega almenningi upplýsingar og umfjöllun sem mótar okkar sýn á heiminn, á okkur sjálfum og þeim gildum sem við lifum eftir. Við setjum okkur í spor og hugsanir annarra með því að fylgjast með fjölmiðlum og hegðum okkur eftir því. Fjölmiðlar skapa tákinn, goðsagnirnar og þær hugmyndir sem eru ríkjandi í okkar menningu. Til dæmis þegar brúðkaup er sett á svið í sjónvarpsþætti, þegar vikublöð sýna myndir af giftingum fræga fólksins, þegar brúðkaup eru sýnd í kvikmyndum og í auglýsingum eru fjölmiðlar að skapa og viðhalda þeirri ímynd sem við höfum af því hvernig drauma brúðkaup eigi að vera eða eigi ekki að vera.

Einn karlkyns viðmælenda minna lýsir því að hugmyndir hans um hvernig hann vilji hafa brúðkaup sitt hafi þróast þegar hann fór að velta ólíkum hugmyndum betur fyrir sér. Hann segir sjálfur frá því að hafa ekki velt mikið fyrir sér einstökum atriðum fyrr en hann og unnusta hans hafi verið búin að ákveða að gifta sig.

Sp.: Varstu með einhverjar fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig þú vildir hafa brúðkaupið?

Sv.: Ég vildi hafa góða veislu og góðan mat og ég vildi hafa.. Ertu að meina áður en ég kynntist konunni minni eða eftir þegar hún var búin að biðja mín og brúðkaupið var framundan?

Sp.: Þegar brúðkaupið var framundan, áður en undirbúningurinn í rauninni byrjar.

Sv.: Já, þarna upphaflega var ég að þæla hvort þetta ætti að vera hjá sýslumanni, eitthvað svona mjög látlaust, eitthvað sem kostaði lítið og væri bara eitthvað einfalt. Svo seinna meir „væri nú skemmtilegra að gifta sig í kirkju, maður giftir sig nú ekki nema einu sinni á ævinni, hvers vegna ekki að gera það í kirkju?“

Seinna í viðtalinu komum við aftur að þessu atriði.

Sp.: Þetta var sem sagt kirkjulegt brúðkaup?

Sv.: Þetta var kirkjulegt brúðkaup, já.

Sp.: Hvaða ástæða var fyrir því?

Sv.: Konan mín vildi kirkjulegt brúðkaup. Og ég var svona.. Mér fannst það of mikið tilstand fyrst, það er að segja hugmyndin um kirkjulegt brúðkaup. Ég hef sjálfur aldrei verið neitt sérstaklega trúður þannig að... Mér fyndist ég... Ég var svona *conflicteraður* um það, er ég að gera sjálfum mér ógreiða? Mun ég sjá eftir því? Ég, trúlaus maðurinn, að hafa látið gifta mig frammi fyrir Guði og mönnum? En svo síðan komst ég inn á það að þetta væri mjög sniðugur hlutur að gifta sig í kirkju. Þetta er náttúrulega bara falleg athöfn.

[Karl, 34 ára]

Að gifta sig í kirkju er norm eða regla á Íslandi og þess vegna hefur fólk tilhneigingu til þess að gifta sig í kirkju þrátt fyrir að hafa litla sem enga kristna trú. Það er meira að segja talið til mannréttinda að fá að gifta sig í kirkju hvort sem fólk hefur kristna trú eða ekki samanber baráttu samkynhneigðra um að fá að gifta sig í kirkju¹. Eins og viðmælandi minn hér að ofan kom að þá er þetta hluti af ímyndinni um fallega athöfn og vilja því flestir eiga möguleika á að gifta sig í kirkju óháð eigin trú.

IV. 2. Verkaskipting kynjanna

Lengi vel hefur ábyrgð og hlutverk kvenna og karla á fjölskyldunni verið mismunandi. Á meðan mæður sáu um heimili og börn sáu feður um að draga björg í bú. Þetta viðhorf karla og kvenna hefur verið að breytast. Karlar taka nú í meira mæli þátt í heimilisstörfunum og konur eru út á vinnumarkaðnum nánast til jafns við karla (Ingólfur V. Gíslason, 1997, bls. 12-13; Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 157-158; Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 87-88). Þetta þýðir þó ekki að fullkomin einsleitni sé í verkaskiptingu kynjanna og er það langt í frá. Þetta kom berlega í ljós í viðtölunum hvað varðar undirbúning á brúðkaupinu.

Flestir töldu að undirbúningurinn hafi haft mikla vinnu í för með sér og þó svo að sum pörin hafi skipt þeirri vinnu nokkuð jafnt á milli sín þá var alveg ljóst að konan réð ferðinni.

¹ Dæmi um heimasíður: Siðmennt.is, 2007; Skoðun.is, 2004.

Sp.: Hvernig var með undirbúningsvinnuna, skiptuð þið henni jafnt á milli ykkar?

Sv.: Já, við unnum þetta alveg saman alla leið. Og þú veist.. jájá, *fifty fifty*.

Sp.: Voruð þið einhverntíman ósammála í undirbúningnum?

Sv.: Það komu aldrei upp alvarleg deilumál á milli okkar í neinu sko. Enda líka hugsaði ég með mér vegna þess að hún er með rosalega fastar skoðanir á þessu eða var með það alla tíð sko, þetta var hennar draumur alla tíð. Þetta er eins og ef ég mundi vera að fara að kaupa... Kannski heimskuleg samlíking en ef ég væri bílaáhugamaður og ætlaði að kaupa draumabílinn minn sko, búinn að hugsa frá því að ég var tveggja ára og er orðinn fimmtugur og fæ loksins peninga til að hafa nóg til að kaupa hann sko og hún mundi segja „nei, ég vil hafa hann grænann.“ Þú veist það væri kannski ósanngjarnt. Mjög heimskulegt að bera þessi tvö dæmi saman en þú skilur pointið. Ég sé enga ástæðu til þess að... Hennar smekkur er mjög góður og ég vildi líka að hún yrði hamingjusöm með þetta.

[Karl, 29 ára]

Í þessari tilvitnun kemur einnig í ljós tilhneiging karlmanna að vilja ekki vera fyrir og leyfa konunni að ráða. Jafnvel gæti hér verið um að ræða „glervegg“ eða óáþreifanlega fyrirstöðu svipað og konur lenda í á vinnumarkaðnum þegar þær eru komnar á stig millistjórnunar en komast svo ekki á hærra stig ábyrgðar (Ingólfur V. Gíslason, 1997, bls. 19). Í sumum þáttum brúðkaupsundirbúnings var körlunum ekki hleypt að svo sem í skreytingar, boðskort og servíettur. Í öðru fengu þeir að vera með í för, svo sem í vali á hljómsveit, víni og brúðarbíl.

Kenning Ingrahams um af hverju brúðkaup eru konum mikilvægari (1999, bls. 31) og sem fjallað var um hér á undan, er sú að vegna þess að hvítar miðstéttar konur eru líklegastar til þess að kaupa brúðkaupsvörur þá leggja vöruframleiðendur brúðkaupsvarnings megináherslu á að markaðssetja til þeirra. Það gæti skýrt að hluta til hvers vegna konur eru uppteknari af undirbúningi brúðkaupsins þar sem öllu auglýsingaefni er beint að þeim. Einnig bendir Ingraham á þá markaðssetningu vöruframleiðenda sem beinist að ungum stúlkum til þess að tryggja sér framtíðar neytendur. Það er aðallega gert með framleiðslu og auglýsingum á leikföngum. Til dæmis hafa eigendur snyrtivörufrirtækisins *Revlon* einnig framleitt leikföng svo sem „brúðkaups leikfanga sett“ þar sem snyrtivörur fylgja með svo að stúlkurnar geti æft sig fyrir stóra daginn sinn (Ingraham, 1999, bls. 62-63).

En ólíklegt verður að teljast að þetta sé eina skýring þess að konur eru uppteknari af brúðkaupi sínu heldur en karlar, sérstaklega þegar litið er til þess að konur eru yfirleitt miðpunktur brúðkaups síns í flestum menningarheimum og ekki aðeins á Vesturlöndum (Damm, 2003). Fyrir þær viðhorfsbreytingar til kynhlutverka sem nú hafa átt sér stað mótaðist sjálfsmynd kvenna að stórum hluta út frá því hvernig henni tókst að annast börn sín og styðja eiginmann sinn. Sjálfsmynd karlmannsins mótaðist hins vegar að miklu leiti út frá þeim árangri sem hann náði í starfi sínu utan heimilis og hversu vel honum tókst að sjá fjölskyldu sinni farborða. Það sem giftar konur höfðu yfirleitt umfram ógiftar voru þau réttindi og stallur sem þeim hlotnaðist við giftingu. Með því að gifta sig fékk konan aðgang að heimi karla og þeirri vernd sem eiginmaður gat veitt. En nú er öldin önnur. Með aukinni menntun og atvinnuþátttöku kvenna eru þær nær því að standa jafnfætis körlum. Þær þurfa ekki lengur að treysta á eiginmann sinn til þess að sjá fyrir sér og börnum þeirra (Valgerður Katrín Jónsdóttir, 1994, bls. 87-90). En það þýðir ekki að þar með hafi sá gamli hugsunarháttur horfið að þegar kona giftir sig þá hafi hún náð stórum áfanga í lífi sínu og hún sé komin í örugga höfn. Önnur kenning um ástæðu þess að brúðkaup séu mikilvægari í augum kvenna heldur en karla er sú að konur hafa takmarkaðri tíma til þess að geta börn en karlar (Sharp og Ganong, 2007). Þó að þetta eigi við í mörgum menningarheimum þá á þetta ekki við um Ísland í flestum tilfellum þar sem ekki er óalgengt að íslenskar konur eignist börn áður en þær gifta sig og er það jafnvel talið eðlilegt eins og fjallað verður um síðar í þessari ritgerð.

Þegar Émile Durkheim gerði rannsókn sína um sjálfsvíg árið 1897 komst hann að því að konur sem eru giftar eru líklegri til þess að fremja sjálfsmorð heldur en karlar sem eru giftir, sérstaklega þegar þær hafa ekki eignast börn. Durkheim dró þá ályktun að eiginkonur hafa minni hag af hjónabandi heldur en eiginmenn. Hann hafnaði því þeirri tilgátu að þegar konur hefji hjónaband hafi þær meiri ábata af því heldur en karlmenn og þjáist meira þegar þær skilja eða verða ekkjur (Durkheim, 2006, bls. 145). Rannsóknir í dag sýna sömu niðurstöður og hjá Durkheim árið 1897; giftar konur og ógiftir karlmenn eru almennt óhamingjusamari en ógiftar konur og giftir karlmenn.

Caroline Dryden (bls. 146-148) gerði rannsókn árið 1999 sem sýndi að giftar konur eru óhamingjusamari en eiginmenn þeirra. Hún taldi það vera vegna þess að konur eru í stöðugri baráttu við eiginmenn sína gegn valdaójafnvæginu í hjónabandinu. Þó að hægt væri að rekja hluta af óánægju eiginkvennanna til

fjárhagslegs ósjálfstæðis þá kom einnig í ljós að karlarnir ýttu undir valdaóryggi kvennana í daglegri hegðun sinni. Til dæmis með því að gera lítið úr verkum þeirra eða leggja áherslu á í samtölum á milli þeirra að konan væri á einhvern hátt háð manningum.

Aðrar rannsóknir sýna sömu niðurstöðu og hjá Durkheim og Dryden en telja aðrar ástæður liggja að baki. Karlmönnum líður vel í hjónabandi meðal annars vegna þess að eiginkonan er yfirleitt besti eða eini trúnaðarvinur þeirra á meðan konur vilja einnig leita út fyrir hjónabandið eftir tilfinningalegum stuðningi. Eiginkonur ýta oft undir þá hegðun eiginmanna sinna sem eykur lífslíkur og bætir heilsu þeirra. Konur hins vegar eru líklegri til þess að vanrækja eigin heilsu ef heilsa annarra fjölskyldumeðlima er í hættu (Benokraitis, 2009, bls. 299).

Hver sem ástæðan kann að vera fyrir því að konum líður almennt verr í hjónabandi heldur en karlmönnum þá er það kaldhæðni giftinga og hjónabands í dag að samfélagið mótar og ýtir undir brúðkaupsdrauma stúlkna og kvenna en á sama tíma veldur það oft meira ómaki en hamingju fyrir þær.

V. Viðbrögð ættingja og vina

Þegar einhver okkur nákominn segist ætla að fara að gifta sig eru eðlileg viðbrögð hjá okkur að segja „til hamingju!“ Í Vestrænum samfélögum er talið eðlilegt að gifta sig (Benokraitis, 2009, bls. 288). Þó að flest viðbrögð hafi verið á þennan máta þegar viðmælendur sögðu vinum og vandamönnum frá áætlun sinni um að ganga í það heilaga þá voru ekki allir sem brugðust svo við. Ein kona lýsti því að móðir hennar og faðir væru mjög hissa á því að 23 ára dóttir þeirra væri að fara að gifta sig og fannst það of ungur aldur til þess að gera slíkt. Sömuleiðis voru einhverjir vinir hennar sem gagnrýndu hana og töldu þetta vera stór mistök af hennar hálfu. Karlmaður sagði frá vonbrigðum sínum vegna viðbragða móður sinnar sem taldi það ekki vera stór tíðindi að þau skötu hjú ætluðu sér að ganga í hjúskap. Hann sömuleiðis átti vini sem gagnrýndu hann fyrir að ganga þetta skref og töldu hann vera að fara að gera mistök með því að giftast unnustu sinni.

En að þessum viðbrögðum frátöldum þá voru ættingjar og vinir almennt sáttir með ráðahaginn og samglöddust parinu.

V. 1. Börn eða hjónaband?

Margir af viðmælendum nefndu sérstaklega það sem þeir töldu vera þversögn í viðhorfi Íslendinga til hjónabands og barneigna. Það er að eðlilegt þykir að fólk eignist barn eða börn áður en það giftir sig þrátt fyrir að skuldbinding til barna og þann einstaklings sem þú átt barnið með sé yfirleitt talin meiri heldur en við þann sem þú giftist. Rökin fyrir því er að ekki er hægt að slíta samskipti að fullu við þann sem þú átt barn með en hægt er að ganga frá skilnaði og engin þörf fyrir framtíðarstjáskipti á milli þeirra svo lengi sem parið á ekki barn eða börn saman.

Mynd V.1. Meðalaldur við fyrstu giftingu og fyrsta barn árið 2001 til 2007
(Hagstofa Íslands, 2009b; Hagstofa Íslands 2009d)

	Meðalaldur áður ógiftra		Meðalaldur við frumburð	
	Brúðgumar	Brúðir	Faðir	Móðir
2001	32,4	29,9	27,9	25,1
2002	32,9	30,5	28,4	25,5
2003	33,0	30,8	28,4	25,5
2004	33,5	31,2	28,4	25,6
2005	33,6	31,2	28,8	25,8
2006	33,9	31,6	29,0	25,9
2007	34,0	31,9	28,9	26,1

Eins og sést á mynd V.1. þá eignast fólk að meðaltali fyrsta barnið sitt töluvert fyrr heldur en það giftir sig í fyrsta sinn á Íslandi. Árið 2007 eignuðust karlmenn fyrsta barnið sitt að meðaltali fimm árum áður en þeir giftu sig en konur 6 árum áður.

Nokkrir viðmælendur höfðu lent í neikvæðum athugasemdum frá vinum sem töldu óæskilegt að gifta sig en höfðu spurst fyrir um áætlaðar barneignir parsins eða töldu það eðlilegra skref hjá þeim.

Sv.: [besti vinur minn] eignaðist barn með kærustunni sinni þegar hann var búinn að vera með henni í eitt ár og honum fannst það ekki sambærilegt. Ég get alltaf skilið við [eiginmann] með pappír ef ég mögulega vil, ef þetta verður ömurlegt og við endum á því að lemja hvort annað eftir einhverja mánuði þá get ég bara farið til sýslumanns og við getum bara græjað þetta. Hann á barn sem þú skilar ekkert! Hann var ekki að spá í þetta, honum fannst ég bara fáviti en hann var búinn að eignast barn með kærustunni sinni eftir eitt ár. Samlíking sem ég tók þegar fólk var hissa þá sagði ég bara „hefðir þú verið svona hissa ef ég hefði verið ólétt?“ Það er einhvernvegin miklu eðlilegra.

[Kona 24 ára]

Sv.: Þetta var sama fólkið og sagði við mig áður „afhverju eruð þið ekki með nein börn?“ [Fólki] fannst það miklu auðveldara skref heldur en að fara að gifta sig. Þetta var alveg rosalega skrítíð. Mér fannst það svolítið fyndið að fólk var... [...] allavegana hjá þessum eina vini mínum, hann alveg bara „ætlar þú að gifta þig?!“ Samt sami gaur og var búinn að segja „afhverju eruð þið ekki búin að eignast börn?“

[Karl 29 ára]

VI. Breytingar á hjónabandi

Fjölskyldan og form hennar hefur tekið miklum breytingum á síðustu öld á Vesturlöndum og deilir fólk um hvort að þessar breytingar séu jákvæðar eða neikvæðar. Sumir vilja meina að fjölskyldan hafi minni áhrif á einstaklingana og að það hafi slæm áhrif á samfélagið í heild á meðan aðrir telja fjölskylduna vera jafn trausta og hún hefur alltaf verið sem ein af stofnunum samfélagsins og sinni hlutverki sínu vel. Þær breytingar sem hafa átt sér stað síðastliðna áratugi sýna aðeins hversu sterk hún er í raun og veru þar sem hún hefur hæfileika til að aðlaga sig að nýjum efnahagslegum-, menningarlegum- og stjórnmálalegum breytingum (Newman og Grauerholz, 2002, bls. 20).

VI. 1. Viðhorf til breytinga

Allir viðmælendur nefndu einhvers konar breytingar sem þeir töldu að hafi átt sér stað síðustu kynslóðir hvað varðar giftingar. Sumir töldu að fólk í dag gifti sig af öðrum ástæðum en ömmur þeirra og afar eða jafnvel foreldrar. Til að mynda eru ekki

margir sem gifta sig aðeins til þess að forðast hneisu ef barn kemur undir eða til þess að hafa fjárhagslegt öryggi eða hafa konu á heimilinu til þess að sjá um heimilisverkin. Sumir nefndu að hinn félagslegi þrýstingur til þess að gifta sig væri ekki eins mikill og hér á árum áður og að hann væri lítill sem enginn í dag. Sömuleiðis hafa trúarbrögð ekki eins mikinn mátt yfir lífi fólks eins og þá. Í dag er allt leyfilegt, sá sem vill gifta sig gerir það og sá sem vill það ekki gerir það ekki. Því fylgir ekki skömm að vera í sambúð með einhverjum án þess að hafa staðfest samvist sína. Hjónabönd og parasambönd yfirleitt eiga að byggja á ást í dag og ekki á hentugleika eins og talið var eðlilegt hér áður fyrr að mati viðmælenda.

Almennt voru viðmælendur jákvæðir í garð þeirra breytinga sem þeir nefndu en töldu þó að til hins neikvæða mætti telja minni virðingu gagnvart hjónabandi og hversu auðvelt það reynist fólki í dag að skilja. Að mati viðmælenda gefst fólk of auðveldlega upp á hjónabandi sínu.

Sv.: Fólk bara gefst svo mikið upp. Það nennir ekki að standa í þessu, nennir ekki að vinna vandamálin. Það bara ákveður „nei, þetta er bara búið“ án þess að reyna kannski að komast að einhverri rót. Ef það er ekki ofbeldi eða framhjáald eða eitthvað sem er kannski ekki hægt að fyrirgefa ef það er ekkert... Mér finnst fjárhagsvandræði eða eitthvað svolleiðis... Ég þekki fólk sem hefur skilið út af kynlífi, hann var ekki sáttur, fékk það ekki nógu mikið. Æji, er þetta ástæða? Er þetta ekki bara leið út? Er fólk ekki bara „ég nenni þessu ekki.“ Það er alveg hægt að vinna á vandamálunum. Ég held að fólk tali bara ekki lengur saman.

[Kona 30 ára]

VI. 2. Viðhorf ungs fólks til hjónabands

Orð sem viðmælendur notuðu til þess að lýsa því sem þau töldu vera viðhorf ungs fólks til hjónabands voru meðal annars „ónauðsynlegt athæfi,“ „mikil skuldbinding og ábyrgð,“ finnast það „heimskulegt“ og beri litla virðingu fyrir því. Viðmælendur voru því nokkuð neikvæðir í garð þeirra viðhorfa sem ungt fólk kann að hafa gagnvart giftingum og hjónaböndum.

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var mikið umrót í tengslum fólks þar sem baráttuefni 68-kynslóðarinnar um frelsi og lausn frá höftum og bindandi tengslum

hafði loksins borið árangur. En á sama tíma skapaði þetta neikvæð áhrif á tilfinningalegar skuldbindingar fólks til hvors annars. Kröfur hjónabands stönguðust á við kröfur um frelsi og rétt til þess að njóta lífsins til fullnustu. Til urðu óraunhæfar kröfur til hjónabandsins þar sem ætlast var til að fá frumþörfum sínum og duttlungum fullnægt. Það sem ekki næst í fyrra hjónabandi er reynt að ná í því næsta (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 87-90). Mikið af ungu fólki í dag hefur séð hjónabönd enda í skilnaði á uppvaxtarárum sínum sem hefur minnkað trú þeirra á hjónabandið sem stofnun og aukið ótta þeirra við að binda sig tilfinningalega við aðra manneskju á þennan hátt (Furstenburg, 1999, bls. 152). Þetta skýrir ef til vill að einhverjum hluta af hverju ungt fólk er tregt til að ganga í hjónaband og viðhalda því þegar í það er komið.

VI. 3. Horft til framtíðar

Félags- og lýðfræðingar hafa ekki mikið í höndunum til þess að spá fyrir um breytingar langt fram í tímann. Þessir fræðimenn eru eins og veðurfræðingar; þeir geta séð fyrir hvað gerist í náinni framtíð en langtímabreytingar er ómögulegt fyrir þá að spá fyrir um (Furstenburg, 1999, bls. 148).

Viðmælendur litu svo á að þær breytingar sem hafa átt sér stað síðustu áratugi séu ennþá í fullum gangi og ekki sé hægt að sjá fyrir endann á þeim breytingum. Flestir töldu að fækkun á hjónaböndum væri í vændum en litu ekki endilega svo á að það væri neikvæð þróun. Mikilvægara væri að fólk stofnaði til hjónabands með réttar forsendur og væntingar að baki og því væri eðlilegra að minna hlutfall para gifti sig en þá væri að sama skapi minni líkur á skilnaði og því í raun ekki neikvæð þróun heldur jákvæð. Einn viðmælandanna taldi að ef til vill myndu möguleikar fólks aukast í framtíðinni þannig að ekki séu aðeins tvær leiðir til þess skuldbinda sig annarri manneskju, gifting eða staðfest samvist og sambúð, heldur fleiri lagalegar leiðir. Til að mynda kjósa sumir önnur sambúðarform svo sem „æfingabúð“ með kærustu eða kærasta eða sérbúð þar sem parið hefur ákveðið að búa í sitthvoru lagi en eru þrátt fyrir það í alvarlegu sambandi (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 27; De Jong Gierveld, 2004). Slík sambúðarform hafa hingað til ekki verið tilgreind í íslenskum lögum og hafa því engin lagaleg áhrif en ef til vill verður breyting á þegar fram líða stundir. Þó var enginn sem áleit að giftingar muni hverfa með öllu í nánustu framtíð þar sem fólk lítur ennþá á þær sem rómantíska athöfn sem er viðhaldið af fjölmiðlum, trúarstofnunum ásamt fleiri stofnunum og einstaklingum samfélagsins.

VII. Lokaorð

Í þessari ritgerð var gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sem fengust í eigindlegri rannsókn um ungt fólk, giftingar og hjónabönd þeirra vorið 2009. Niðurstöðunum er skipt í fjóra þætti; ástæður ungs fólks til að gifta sig, undirbúningur brúðkaupsins, viðhorf til þróunar á giftingum og viðhorf almennt.

Þær ástæður sem viðmælendur nefndu fyrir að hafa ákveðið að giftast ástinni sinni voru aðallega að vilja taka þá formlegu ákvörðun um að vera með þessum einstaklingi það sem eftir er. Þó nefndu þau marga kosti sem fylgdu því að vera í hjónabandi en hafði ekki verið sjálf ákvörðunarástæðan heldur aðeins kostir sem fylgdu því að taka þessa ákvörðun. Dæmi um það er aukið öryggi, ánægja og virðing, hagnýtir kostir svo sem samsköttun, sameiginlegar tryggingar, geta sinnt málefnum hvors annars hjá ýmsum stofnunum og svo framvegis. Misjafnt var eftir kyni hvort að viðmælendur töldu að hjónabandið yki líkur þess að samband þeirra hjóna myndi endast lengur. Karlarnir töldu svo vera á meðan konurnar ekki. Lagalegir kostir voru einnig nefndir svo sem erfðaréttur á hvort annað og sameiginleg fjármál en þó var það ekki álitid hjá neinum vera ástæða þeirra til að gifta sig. Hlutverk giftinga er því ekki að gera hjón betur sett lagalega séð heldur hafa þær félagslegt hlutverk; láta aðra vita að þetta er manneskjan sem þú ætlar að vera með það sem eftir er ævinnar.

Flestir viðmælendanna eyddu miklum tíma í að undirbúa brúðkaup sitt og var sú vinna yfirleitt í höndum kvennanna en í þeim tilfellum þar sem vinnunni var jafnt skipt á milli makanna var það þrátt fyrir það konan sem réð ferðinni. Karlmennirnir lýstu því gjarnan þannig að þeir vildu ekki vera fyrir konunni og að þetta væri draumur hennar og því fannst þeim rétt að hún myndi stjórna þessu. Aðkoma vina og ættingja var yfirleitt mikil og sáu þeir þá jafnan um einhverja kostnaðarliði eða undirbúningsatriði. Fyrirfram hugmyndir viðmælenda voru í anda „hvíta brúðkaupsins“ og giftu sig allir í kirkju þrátt fyrir að flestir töldu sig ekki vera sérstaklega trúaða.

Allir viðmælendurnir voru sammála um að einhverjar breytingar hafi átt sér stað undanfarna áratugi hvað viðkemur fjölskylduformi og giftingum. Til að mynda lítur ungt fólk á hjónabönd og giftingar með allt öðrum augum en gert var áður fyrr. Upplifun viðmælenda var sú að neikvæðnin gagnvart hjónaböndum hafi aukist í samfélaginu. Þó töldu þau ekki að giftingar væru á leiðinni að úreldast heldur aðeins

að þróast. Langt væri í það að giftingar líði undir lok þar sem enn er haldið í þessa rómantísku hugmynd um fallega giftingarathöfn af mörgum.

Vankantar í þessari rannsókn sem ber að nefna eru í fyrsta lagi fjöldi viðmælenda en þeir voru aðeins fimm. Þau mynstur sem komu fram við greiningu á gögnunum gætu hafa verið tilviljun og önnur mynstur komu ef til vill ekki fram vegna smæðar úrtaksins. Í öðru lagi var notað hentugleikaúrtak við val á viðmælendum sem ýtir undir einsleitni þeirra. Yfirleitt voru valdir vinir vina minna og hættan við það er að þetta sé of einsleitur hópur með svipaðar skoðanir. Í þriðja og síðasta lagi ber að nefna litla þjálfun sem ég hef til þess að taka eigindleg viðtöl í rannsóknarskyni. Til þess að greina svör viðmælenda á meðan viðtalið stendur yfir, vita hvað eigi að spyrjast frekar fyrir um, greina svipbrigði viðmælenda og svo framvegis þarf æfingu en fyrsta viðtalið sem tekið var í þessari rannsókn var jafnframt fyrsta viðtal mitt í þeim tilgangi.

Þrátt fyrir að hafa svarað þeim spurningum sem ég setti mér í byrjun þessa verkefnis þá eru enn mörgum spurningum ósvarað. Hvers vegna ákveður fólk að gifta sig ekki? Er skynsamlegt að gifta sig? Er ánægja fólks í hjónabandi í raun blekking frá samfélaginu? Af hverju þarf hjónaband til að þar finni fyrir auknu öryggi og virðingu frá samfélaginu? Þetta tel ég vera efni í áframhaldandi rannsóknir.

VIII. Heimildir

- Ármann Snævarr. (1991). *Erfðaréttur*. Reykjavík: Námsjóður Lögmannafélags Íslands.
- Ármann Snævarr. (2008). *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík: Codex.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Benokraitis, N. V. (2009). *Marriages and families: Changes, Choices, and Constraints*. Upper Saddle River, New Jersey: Pearsons Education.
- Brúðurin.is. (e.d.). Undirbúningur: Fjárhagsáætlun. Sótt 27. mars 2009 af http://www.brudurin.is/undirbuningur/?ew_news_onlyarea=&ew_news_onlyposition=1&cat_id=1380&ew_1_a_id=318 27.
- Cherlin, A. J. (2002). *Public and private families: an Introduction*. Boston: McGraw-Hill.
- Collins, R. og Makowsky, M. (2005). *The Discovery of Society*. Boston: McGraw-Hill.
- Damm, I. (2003). Stórhátíð konunnar. *Lifandi vísindi*, 3, bls. 44-51.
- De Jong Gierveld, J. (2004). Remarriage, Unmarried Cohabitation, Living Apart Together: Partner Relationship Following Bereavement or Divorce. *Journal of Marriage and Family*, 66, 236-243.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2001). *Skýrsla dómsmálaráðherra um réttarstöðu sambúðarfólks*. Reykjavík: Höfundur.
- Dryden, C. (1999). *Being Married, Doing Gender: A Critical Analysis of Gender Relationships in Marriage*. London: Routledge.
- Durkheim, É. (2006). *Suicide: A Study in Sociology*. London og New York: Routledge Classics.
- Engels, F. (1968). *Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins (í Úrvalsrit I)*. Reykjavík: Heimskringla.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.
- Femin.is. (2003). *Hvað kostar að gifta sig?* Sótt 27. mars 2009 af http://www.femin.is/article.asp?art_id=2311.
- Flanders, S. (1996). The Benefits of Marriage. *Public Interest*, bls. 80-87.

- Furstenburg, Jr., F. F. (1999). *The Future of Marriage*. Í A. S. Skolnick og J. H. Skolnick, (ritstjórar), *Family in Transition* (bls. 147-154). New York: Longman.
- Guðrún Erlendsdóttir. (1988). *Óvígð sambúð: Samanburður á reglum um hjúskap og óvígða sambúð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hagstofa Íslands. (2009a, 16. apríl). Mannfjöldi: Giftingar og skilnaðir. www.hagstofa.is.
- Hagstofa Íslands. (2009b, 6. apríl). Aldursbundin giftingartíðni eftir fyrri hjúskaparstétt 1961-2007. www.hagstofa.is.
- Hagstofa Íslands. (2009c, 25. mars). Verðlag og neysla. www.hagstofa.is.
- Hagstofa Íslands. (2009d, 18. mars). Mannfjöldi: Fæddir og dánir. www.hagstofa.is.
- Hjúskaparlög nr. 31/1993.
- Hrd. 1990, bls. 1581. (Hæstaréttardómur í máli nr. 22/1989).
- Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir. (2008, 5 tbl.). Síndu skynsemi: Fjárhagsáætlun. *Nýtt líf: Brúðkaup 2008*, bls. 144.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (1988). Hvað kostar „stíllinn“? *Vera*, 4, bls. 7.
- Ingólfur V. Gíslason. (1997). „Karlmennt eru bara karlmenn“: viðhorf og væntingar íslenskra karla. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála.
- Ingraham, C. (1999) *White Weddings: Romancing Heterosexuality in Popular Culture*. London og New York: Routledge.
- Newman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of Families*. Thousand Oaks, California: Pine Forge Press.
- Scott, E. S. og Scott, R. E. (1998). Marriage as Relational Contract. *Virginia Law Review*, 84, 1225-1334.
- Sharp, E. A. og Ganong, L. (2007). Living in the Gray: Women's Experiences of Missing the Marital Transition. *Journal of Marriage and Family*, 69, 831-845.
- Síðmennt.is. (2007). *Trúfélög fá heimild til að gefa saman samkynhneigð pör*. Sótt 2. apríl 2009 af <http://sidmennt.is/2007/04/30/trufelog-fai-heimild-til-ad-gefa-saman-samkynhneigd-por/>.
- Siegel, L. J. (2008). *Criminology*. Belmont, California: Thomson/Wadsworth.
- Sigrún Jóhannesdóttir. (1999). *Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð*. Reykjavík: Úlfljótur.

- Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri). (1995). *Barnafjölskyldur: samfélag, lífsgildi, mótun: rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi*. [Reykjavík]: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1993). *Den kapabla familjen i det isländska samhället: En studie om lojalitet, äktenskapsdynamik och psykosocial anpassning*. Göteborg: Göteborgs Universitet, Institutionen för socialt arbete.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf: náin tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Kristjánsdóttir. (2004). Af íslenskum brúðkaupum. Í Hallgerður Gísladóttir (ritstjóri), *Í eina sæng: íslenskir brúðkaupsiðir* (bls. 8-19). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Skoðun.is (2004). *Kirkjan og samkynhneigðir*. Sótt 2. apríl 2009 af <http://skodun.is/2004/11/20/kirkjan-og-samkynhneigdir/>.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource*. New York: Wiley.
- Valgerður Katrín Jónsdóttir. (1994). *Í blíðu og stríðu: Bókin um ástina og hjónabandið*. Reykjavík: Forlagið.
- White, J. M. og Klein, D. M. (2002). *Family Theories*. Thousand Oaks, California: Sage Publications.
- Þórbergur Þórðarson. (1992). *Íslenzkur aðall*. Reykjavík: Mál og menning.

